

# Skýrsla um rannsóknargrein

Principles of Adult Learning; An ESL Contest

## **Inngangur**

Greinin sem ég hef valið að fjalla um hér heitir **Principles of Adult Learning: An ESL Contest** (Finn, 2011) og birtist hún í Journal of Adult Education sem gefið er út af Mountain Plains (Adult Education Association). Höfundur hennar er Donald Finn prófessor við Regent University í Virginíu og hefur hann sérhæft sig meðal annars í námi fullorðinna, námsefnis- og námsskrárgerð.

Í greininni er fjallað um nám fullorðinna í fremur víðu samhengi. Sjónum er þó beint að innflytjendum til Bandaríkjanna og námi þeirra í ensku sem annað tungumál. Í samfélagi þar sem sífellt er verið að fást við niðurskurð og sparnað er aukin krafa um skilvirkni þeirra verkefna sem ráðist er í og er fullorðinsfræðsla þar ekki undanskilin. Í greininni er farið yfir mikilvægi slíkrar skilvirkni auk þess sem skoðaðir eru helstu þættir sem eru hvetjandi til þátttöku í tungumálanámskeiðum og einnig helstu hindranir. Síðan er fjallað um þá fræðilegu þætti sem mestu máli skipta í skipulagningu náms með fullorðnum til að stuðla að árangri og þrautseigju þátttakenda.

## **Áherslur í fræðslu fullorðinna; Enska sem annað tungumál**

Greinin er yfirlitsgrein og í henni er vitnað í fjölda fræðiritra og farið yfir helstu kenningar sem byggðar eru á rannsóknum um efnið. Hún var skrifuð árið 2011 og nokkuð hefur verið vitnað í greinina, þá aðallega í rannsóknum/greinum sem fjalla um hvernig fullorðnir námsmenn læra.

## **Markmið og rannsóknarspurningar**

Meginmarkmið greinarinnar er að fjalla um einkenni fullorðinna þátttakenda í enskunámi, hvatningu, hindranir og helstu áhrifaþætti velgengni.

Jafnframt er leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

-Hverjar eru helstu hindranir sem þátttakendur upplifa og hvað er það sem veitir hvatningu til að halda áfram í námi og sýna þrautseigju?

-Hvaða þættir eru mikilvægastir í skipulagningu náms fyrir fullorðna og hvert er hlutverk þeirra í að skapa áhrifaríkt námsumhverfi?

## **Niðurstöður**

*Þátttakendur, hvatning og hindranir*

Hópur innflytjenda hefur stækkað og breyst á undanförunum árum. Áður fyrr komu flestir innflytjendur frá Evrópulöndum en nú koma flestir frá Suður-Ameríku og Asíu (77% árið 2002). Miðað við fyrirbyggjandi tölur er gert ráð fyrir að minnihlutahópar verði um 50% þjóðarinnar árið 2050, frá því að vera 31% árið 2000.

Samkvæmt þeim rannsóknum sem vitnað er í, taka flestir þátt í námskeiðum fyrir fullorðna vegna starfs eða starfsframa. Skiptist sá hópur í meginatriðum í þrennt, þ.e. þeir sem eru drifnir áfram af markmiðum, virkni og náminu sjálfu. Langstærstur er hópurinn sem drifinn er áfram af markmiðum sínum. Algengt markmið ESL (English as a Second Language) þátttakenda er að eflast fjárhagslega með því að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði en þeir glíma jafnframt við fjölmargar hindranir.

Helstu hindranir þessa hóps eru þær að lífsmynstrið er fremur flókið og takmarkar aðgang þeirra að námskeiðum. Til dæmis hafa þeir oft óreglulegan vinnutíma, lág laun, vinna störf sem krefjast lítillar starfsfærni, eru í mörgum störfum og skortir stöðugleika í starfi. Þessar hindranir kallast aðstæðubundnar hindranir og hafa áhrif á marga þætti í lífi þeirra, meðal annars menntun barna þeirra.

### *Áhrif hvetjandi námsumhverfis*

Uppbygging námskeiða getur haft hvetjandi og letjandi áhrif og er mikil áhersla lögð á að þau séu skipulögð með fullorðna námsmenn í huga svo að sem bestur árangur náist. Fullorðnir námsmenn vilja ná árangri og hefur árangurinn áhrif á áhugahvötina. Fjallað er um nokkrar áherslur sem virka hvetjandi í uppbyggingu námskeiða og eru þrjár dregnar fram sérstaklega. Í fyrsta lagi er það félagsleg og fjárhagsleg nálgun sem miðar að því að búa þátttakendur undir ákveðin hlutverk í samfélaginu og á vinnustað. Í öðru lagi er talað um persónulega þýðingu og er þar horft til persónulegs ávinnings fyrir einstaklinginn og áhuga hans og skoðun á eigin námsþörf og starfsþróun. Í þriðja lagi er það þróun vitsmunalegrar nálgunar og námslegrar færni sem miðar að námstækni og löngun hinna fullorðnu til að nýta tækifæri og eflast í hlutverkum sínum í samfélagi, starfi og einkalífi.

Fjallað er um ýmsa þætti í umhverfi þátttakenda sem hafa áhrif og einnig skiptir upplifunin máli. Nefnd eru 5 atriði sem hafa mikil áhrif á námsupplifun og áhugahvöt: Öryggi, velgengi, að námið sé frumlegt og örvandi, persónulegur stuðningur og persónuleg tengsl við námið. Jafnframt er fjallað sérstaklega um reynslu þátttakenda og er reynsla það sem fyrst og fremst skilur að fullorðna og unga námsmenn og þarf námsumhverfið að taka mið af henni.

Talað er sérstaklega um hugtakið Andragogy eða leiðsögn fullorðinna, sem byggir á því að börn og fullorðnir læra á ólíkan hátt. Þar eru dregin fram 6 áhersluatriði sem eru mikilvæg í skipulagningu náms með fullorðnum og byggja þau meðal annars á megináherslum Knowles. Fullorðnir námsmenn:

- Eru sjálfstæðir námsmenn
- Miða við reynslu sína
- Eru misjafnlega reiðubúnir til að læra miðað við félagslega stöðu
- Hafa lausnamiðaða hugsun
- Hafa innri hvatir til náms
- Þurfa að vita hvers vegna þeir þurfa að læra það sem þeir eiga að læra

## Samantekt og umræður

Í greininni fannst mér takast vel að ná fram þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Skoðaðir eru helstu hvatar og hindranir sem þátttakendur finna fyrir og umfjöllun um hvetjandi námsumhverfi fyrir fullorðna er mjög upplýsandi. Þó svo að fjallað sé sérstaklega um tungumálanám í greininni, þá finnst mér umfjöllunin það almenn að hún getur átt við um aðra hópa. Áhersla er einnig lögð á mikilvægi þess að skipuleggja nám fullorðinna með samsetningu hópsins í huga. Í upphafi er aðeins farið yfir tölfræði innflytjenda í samfélaginu og finnst mér hún sýna fram á mikilvægi þess að umrædd námskeið skili árangri. Sérstaða greinarinnar liggur því að mínu mati í því að mikilvægi góðrar skipulagningar er þar vel rökstutt. Það er samfélagslegur ávinningur fólgin í því að vel takist til. Lögð er áhersla á að skipuleggjendur og leiðbeinendur horfi á þátttakendur sína miðað við aðstæður þeirra og reynslu til að upplifun og árangur verði með besta móti.

### *Tengsl við okkar nám*

Það er afar athyglisvert að sjá hvernig greinin styður við námskeiðið okkar með því að ítreka mikilvægi þess sem við erum að læra. Um er að ræða góða samantekt á helstu atriðum vel skipulags námskeiðs og þeim áherslum sem virka hvetjandi í námskeiðsuppbyggingu.

### *Tengsl við fyrri rannsóknir*

Þar sem greinin er yfirlitsgrein, byggir hún á rannsóknum sem áður hafa verið gerðar. Að mestu er vitnað í bækur og fræðirit en sá fróðleikur sem þar kemur fram er byggður á rannsóknum sem gerðar hafa verið á fullorðnum námsmönnum og námi þeirra. Jafnframt skoðaði ég aðrar rannsóknir þar sem fram kom ákveðinn samhljómur þó svo að aðstæður hafi að sumu leyti verið ólíkar.

## Heimild

Finn, D. (2011). Principles of Adult Learning: An ESL Context. *Journal of Adult Education*, 40, 34-39.  
Sótt 20.03.2014 af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ960967.pdf>